

Úrskurður tollstjórans í Reykjavík nr. 7/2005.

Úrskurður nr. 7/2005.

Úrskurður tollstjórans í Reykjavík nr. 7/2005 vegna kæru A.

Embætti tollstjórans í Reykjavík barst þann 07.06.05 kæra A vegna synjunar á endurgreiðslu virðisaukaskatts af hjartarafstuðtæki. Um kærueimild er vísað til 15. gr. rg. 797/2000.

Með umsókn dags þann sótti A um endurgreiðslu virðisaukaskatts af hjartarafstuðtæki sem gefið hafði verið til B. Með vísan til skilyrða 5. gr. reglugerðar 797/2000, um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum, með áorðnum breytingum, var synjað um endurgreiðslu virðisaukaskatts af hjartarafstuðtækinu.

Heimildir til niðurfellingar/ endurgreiðslu aðflutningsgjalda er að finna í 8. tl. 1. mgr. 5. gr. tollalaga nr. 55/1987 m.áo.b. og reglugerð 797/2000, um undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum, m.áo.b.

Í b. lið 8. tl. Tollalaga segir: Gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi, svo og gjafir sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarstofnanir eða aðrir slíkir aðilar eiga að annast dreifingu á til bágstaddir. Skilyrði b liðar er að um sé að ræða vöru sem nýtt er beint til viðkomandi starfsemi.

Í reglugerð er nánari útfærsla á því hvað telst mannúðar og líknarstarfsemi Samkvæmt 5. gr. rg. 797/2000 eru þeir sem eiga rétt til niðurfellingar á aðflutningsgjöldum:

Rauði kross Íslands og einstakar deildir hans
Slysavarnarfélög
Hjálpar- og björgunarsveitir
Sjúkrahús
Hæli
Elliheimili
Endurhæfingar- og heilsugæslustöðvar
Skólar og heimili fyrir fatlaða og sjúka

Rökstuðningur kæru er settur fram í 3 tölusettum greinum og kemur fram í 1. tl. að B sé íþróttamiðstöð með sundlaug sem rekið er af bæjarfélaginu. Af því má ráða að um sé að ræða íþróttamiðstöð ætlaða öllum almenningi.

Íþróttahús falla ekki undir skilgreiningu tollalaga, eða reglugerða þeim tengdum, sem mannúðar- eða líknarstofnanir.

Í 2. tölulið rökstuðnings er vísað til þess að endurlífgunarráð á vegum Landlæknisembættisins hafi mælt með hjartarafstuðtækjum sem víðast.

Skilyrði laga og reglugerðar er að tæki það sem sótt eru um undanþágu fyrir skuli nýtast beint við starfsemi viðkomandi stofnunar. Hjartarafstuðtæki er öryggistæki sem ekki er sértækt fyrir starfsemi Íþróttamiðstöðva.

Í 3. t.l. rökstuðnings er því haldið fram að góðgerðarfélög og aðrir hafi fengið endurgreiddan virðisaukaskatt vegna samskonar tækja sem gefin hafa verið til sundlauga annars staðar á landinu. Embætti Tollstjórans í kannast ekki við að öðrum hafi verið endurgreitt vegna gjafa á hjartarafstuðtækjum til notkunar í íþróttahúsum og sundlaugum. A hefur ekki lagt fram nein gögn sem stutt geta þá fullyrðingu að aðrir hafi fengið endurgreiðslu virðisaukaskatts í samkonar tilvikum og hér er til umfjöllunar.

Með vísan til þess sem hér að framan greinir er það niðurstaða Tollstjórans í Reykjavík að A eigi ekki rétt á endurgreiðslu virðisaukaskatts af hjartarafstuðtæki sem gefið var til B. Íþróttamiðstöðin er ekki stofnun sem fellur undir skilgreiningu 5. gr. rg. 797/2000 því ekki unnt að beita endurgreiðsluheimild.

Úrskurður:

Synjað er endurgreiðslu virðisaukaskatts af hjartarafstuðtæki sem A gaf til B.

Úrskurð þennan er heimilt að kæra til Fjármálaráðuneytisins, Arnarhváli, 150, Reykjavík sbr. 102. gr. tollalaga nr. 55/1987. Kærufrestur er 60 dagar frá póstlagningardegi þessa bréfs. Kæra skal vera skrifleg, rökstudd og studd nauðsynlegum gögnum.

Reykjavík 13. júní 2005.